27.12.2023

,,Um nokkurt skeið hafa staðið yfir umræður um salernismál á Djúpavogi. Samkaup hafa ávallt tekið jákvætt í að finna lausnir og lagt í töluverða vinnu og kostnað vegna þessa. Í verslunarhúsnæði sem Samkaup leigir eru einnig aðrir leigutakar en þeir eru ÁTVR, Landsbankinn og Íslandspóstur. Það er því ljóst að margþætt grunnstarfssemi er rekin á Djúpavogi ekki síst fyrir tilstuðlan Samkaupa. Árið 2022 kom tillaga frá fulltrúa sveitastjóra á Djúpavogi sem Samkaup lét teikna upp og verðmeta. Reyndist sú hugmynd óframkvæmanleg, bæði vegna þess að þetta kostaði mikið rask á innra skipulagi og hefði haft neikvæð áhrif á þá aðila sem í húsinu eru í dag. Eins var framkvæmdin mjög kostnaðarsöm sem engin leigutaki treysti sér til að taka þátt í. Lagt hefur verið upp með að þau fyrirtæki sem í húsinu eru kosti framkvæmdir en sveitafélagið sjái alfarið um rekstur. Ég legg því fram nýja tillögu merkta með gulu á neðangreindri teikningu sem vonandi getur leyst salernismál á Djúpavogi. Rétt er að benda á að nýlega voru opnuð almenningssalerni í um 150 metra fjarlægð sem mun væntanlega hjálpa til við lausn málsins.“





Með kveðju | Best regards

**Gunnar Egill Sigurðsson**
Forstjóri | CEO
Samkaup

Tel: +354 4215400
gunnar@samkaup.is


Skilmálar | Disclaimer